VEÐURSTOFA ÍSLANDS 1920-2020

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Dags. 02.10.2020
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2020-0214
0.5.2

Hér á eftir fer umsögn Veðurstofu Íslands um mál nr. 192/2020 *Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum (markmiðsákvæði, endurskoðun hættumats, sektir o.fl.).*

2. mgr. 1. gr. hljóði svo: *Samheitið ofanflóð er í lögum þessum notað um snjóflóð og skriðuföll. Þá geta ákvæði þessara laga um hættumat, viðbúnað og varnir gegn ofanflóðum náð til ákveðinna annarra náttúruhamfara, s.s. flóðbylgna og vatnsflóða, sem eru bein afleiðing ofanflóða.*

Varðandi 2. mgr. 1. gr.:
Snjóflóð og skriðuföll geta haft í för með sér afleiðingar sem eru ekki af völdum ofanflóðsins sem slíks, en eru bein afleiðing viðkomandi ofanflóðs. Dæmi um slíkt er að snjóflóð, einkum kófhlaup, geta kastað byggingum eða hlutum bygginga langar leiðir þannig að slys eða tjón hljótist af, snjóflóð og skriðuföll niður í vötn eða sjó geta hrundið af stað flóðbylgjum sem valdið geta tjóni, t.d. á Flateyri í janúar sl., og ofanflóð niður í stöðuvötn og lón geta leitt til skyndilegra vatnsflóða eða jökulhlaupa sem skapað geta bráða hættu í nærliggjandi vatnsföllum. Hefðbundið er að greina slíkar afleiðingar sem þátt í viðkomandi ofanflóði í heimildaöflun um ofanflóð. Náttúruhamfaratrygging Íslands hefur bætt tjón af þessum toga sem afleiðingar ofanflóðs og gerð hefur verið grein fyrir slíkri afleiddri hættu í ofanflóðahættumati, t.d. hættumati vegna ofanflóða fyrir Siglufjörð og fleiri bæjarfélög og vegna berghlaups í Öskju.

Í 3. mgr. 3. gr. segir: *Veðurstofan skal ráða sérstaka eftirlitsmenn til að kanna og fylgjast með landfræðilegum og veðurfarslegum aðstæðum með tilliti til hættu af ofanflóðum í þéttbýli í þeim sveitarfélögum þar sem þörf er á slíkum athugunum að teknu tilliti til markmiðs laganna, eins og nánar skal kveðið á um í reglugerð. ...*

Varðandi 3. mgr. 3. gr.:
Lagt er til að bæta við „*einkum*" fyrir framan „*þéttbýli*" í þessari málsgrein því annars gæti hún kippt grundvelli undan snjóathugunarmönnum í Reykhólahreppi, á höfuðborgarsvæðinu og e.t.v. víðar, sem ekki eru ráðnir vegna vandamála í þéttbýli, heldur til þess að styrkja snjóflóðaspár fyrir viðkomandi landsvæði.

1. mgr. nýrrar greinar eftir 15. gr. hljóði svo: *Óheimilt er eigendum húseigna sem keyptar hafa verið upp eða teknar eignarnámi samanber 11. gr. að dvelja í eða heimila öðrum dvöl í húseigninni þegar dvöl er í ósamræmi við hina þinglýstu kvöð eða ákvæði þess efnis í kaupsamningi. Hlýða skal fyrirmælum lögreglu um rýmingu húseigna án tafar, sbr. 6. og 7. gr.*

Lagt er til að að skýra enn frekar í 3. gr. hver ber ábyrgð á eftirliti með snjóflóðahættu þar sem veruleg umsvif eru á svæðum utan byggðar þar sem snjóflóð geta fallið. Sú skýring gæti t.d. hljóðað svo: *Eftirlit með hættu á ofanflóðum á vegum, skíðasvæðum og í skipulögðum ferðum ferðaþjónustufyrirtækja er á ábyrgð rekstraraðila.*

Virðingarfyllst,



Árni Snorrason
forstjóri VÍ